

Nd.

**701. Breytingartillögur**

[208. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 78 29. des. 1967 og lögum nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (LJós).

1. Við 10. gr. Við greinina bætist nýr liður, svo hljóðandi:  
Á eftir F-lið 13. gr. laganna komi nýr stafliður (I), sem hljóði svo:  
Allar bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögum um almannatryggingar, svo og atvinnuleysisbætur.
2. Við 13. gr.
  - a. Töluliður 1 orðist svo:  
Í A-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „80 000 kr.“ í „156 000 kr.“
  - b. Töluliður 2 orðist svo:  
Í B-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „112 000 kr.“ í „220 000 kr.“ og „56 000 kr.“ í „156 000 kr.“
  - c. Töluliður 3 orðist svo:  
Í C-lið 1. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ í „35 000 kr.“
  - d. Töluliður 4 orðist svo:  
Í 3. mgr. 16. gr. laganna breytist „16 000 kr.“ í „70 000 kr.“ og „3 200 kr.“ í „7 000 kr.“
3. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Við 42. gr. laganna bætist:  
Auk þeirrar rannsóknar á skattframtölum, sem um er rætt í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal árlega gerð sérstök ýtarleg rannsókn á skattframtölum, samkvæmt útdrætti, sem Hagstofa Íslands lætur gera. Lágmarkstala þeirra framtala, sem þannig eru dregin út, skal vera 10% af framtölum atvinnurekenda og 5% af framtölum annarra.
4. Við 25. gr. Framan við greinina bætist:  
Við 1. mgr. 52. gr. laganna bætist nýr töluliður, 5, svo hljóðandi:  
Ef skattþegn hættir störfum eða hefur náð 70 ára aldri og sýnt þykir, að tekjur hans muni lækka verulega frá því, sem verið hefur.
5. Við 26. gr. Í stað orðanna „í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972“ komi: í samræmi við framfærsluvisitölu.